



## 1. INNGANGUR

Í formála segir að markmið með gerð þessarar íþróttanámskrár sé að móta framtíðarstefnu í uppbyggingu íþróttá og tómstunda hjá Íþróttabandalagi Akureyrar. Þessi íþróttanámskrá nær m.a yfir almenn stjórnunarstörf hjá bandalaginu, fjallar um stefnu og markmið þess, helstu atriði sem snúa að þjálfun barna og unglinga og almenna uppbyggingu og stjórnun íþróttá.

Námskránni er skipt í fjóra hluta. Fyrsti hluti nær yfir íþróttabandalagið, lög og starfsemi, stefnu, markmið, skipurit og aðstöðu. Annar hluti fjallar íþróttaskóla og þjálfun í íþróttafélögum, s.s. skipulag þjálfunar og helstu hlutverk þjálfara. Þriðji hlutinn fjallar um þroska barna og unglinga og ýmis þjálffræðileg og uppeldisleg atriði sem hverjum þeim sem starfar með börn og unglinga er nauðsynlegt að vita. Fjórði og síðasti hluti námskrárinnar fjallar um ýmis atriði sem tengjast íþróttabandalaginu og aðildarfélögum þess. Þetta eru atriði eins og stefna íþróttafélaga í vímuevörnum, íþróttareglur barna, foreldrasamstarf, helstu stefnur Íþróttá- og Ólympíu-sambands Íslands og mat á starfi íþróttafélaga.